

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|------------------------------|--------------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 1.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fyrirtæki | Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka | Eftirlitsmaður | Sverrir Aðalsteinn Jónsson |
| Heimili | Berghólabraut 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 5312780469 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón Norðfjörð | ÍSAT nr. | 38.21.0,38.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ingþór Karlsson | Staðsetning | 325484,211 396471,342 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í síðasta eftirliti voru skráð 2 frávik sem enn eru í úrbótaferli. Engin ný frávik eru skráð en athugasemd gerð við frágang spilliefna á plani og geymslu botnösku á ómalbikuðu plani. Verið er að vinna við að bæta úr þeim atriðum sem gerð er athugasemd við og er frestur gefin til loka næsta árs skv. nýju starfsleyfi Kólku ehf sem tók gildi 21. september s.l.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi þar sem farið var yfir eftirfarandi atriði:

Yfirferð á síðustu skýrslu – viðbrögð og úrbætur

Yfirferð á nýju starfsleyfi – helstu nýmæli, skilafrestir, mengunarvarnir

Meðferð flugösku og botnösku

Vöktun og eftirlit

Önnur mál ef einhver væru.

Í síðasta eftirliti voru skráð 2 frávik. Upplýsingar vegna fráviks um magn HCl í útblæstri höfðu borist stofnuninni. Taldi rekstraraðili að frávikin mættu fyrst og fremst rekja til þess að Kalka hefði fengið gallaðan sóða til notkunar í hreinsivirkinu og því virkaði það ekki sem skyldi. Niðurstöður símælinga fyrstu 9 mánuði ársins sýna þó að enn er töluvert algengt að HCl fari yfir dagleg meðalgildi og gerðist það 6 sinnum í september. Áfram þarf því að fylgjast vel með og bregðast við. Rekstraraðili minntist á að einhver fylgni væri milli HCl toppa og þegar verið væri að brenna sóttmengaðan úrgang.

Unnið var að því að koma símælubúnaði fyrir ryk í fulla virkni á ný. Á meðan á eftirliti stóð, kom fram að sérfræðingur frá EFLU verkfræðistofu væri að vinna í málinu. Við lok eftirlits fengust þær upplýsingar frá rekstraraðila að rykmælir væri kominn í lag þannig að hægt væri að fylgjast með rykmagni. Rekstraraðili mun senda upplýsingar og niðurstöður símælinga í lok ársins.

Í nýju starfsleyfi eru ákvæði um geymslusvæði fyrir spilliefni. Rekstraraðili hefur þegar haldið fund með verkfræðistofu til að fá hönnun á nýju lagnakerfi til að uppfylla kröfur í starfsleyfi þar sem gerð er krafa um fráveitu sem tengd er við olíuskilju og söfnunarþró.

Botnaska er tímabundið geymd í hálgámum á plani versmiðjunnar en einnig í haug á ómalbikuðu plani. Verkfræðistofa hefur verið fengin til að hanna nýtt botnöskusvæði þar sem botnaskan verður meðhöndluð á lokuðu yfirborði með frárennsli sem tengt er við sand- og olíuskilju í samræmi við ákv. 4.10 í starfsleyfi.

Öll flugaska er nú geymd í geymsluhúsnæði Kólku að Fitjum. Askan er geymd tímabundið á plani verksmiðjunnar en flutt svotil jafnóðum í húsnæðið. Stefnt er að útflutningi á næsta ári.

Skv. nýju starfsleyfi skal rekstraraðili vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar rekstraraðila. Skila skal inn tillögu að vöktunaráætlun fyrir lok þessa árs. Hafa skal samráð við aðra rekstraraðila sem standa fyrir vöktun á svæðinu.

Í eftirlitinu var gengið um plan stöðvarinnar, aðstaða til geymslu spilliefna og botnösku skoðuð og þá var farið í geymsluhúsnæði fyrir flugösku sem staðsett er að Fitjum í Njarðvík.

Rætt var um aðbúnað þeirra spilliefna sem koma til meðhöndlunar hjá Kólku og hvernig megi bæta hann.

ATHUGASEMDIR

Eitthvað var um að spilliefni stæðu óvarin í kórum sem ekki eru lekaheld (engir tappar). Rekstraraðili hefur fengið frest til loka árs 2017 til að koma upp fullnægjandi aðstöðu til að geyma spilliefni utandyra. Búið er að hanna kerfið og munu framkvæmdir hefjast á nýju ári.

Botnaska er geymd á ómalbikuðu plani. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila stendur til að koma upp skýli fyrir botnösku þar sem hún verður geymd á malbikuðu plani. Askan verður svo sett í hálgáma og flutt til urðunar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2016



Sigríður Kristjánsdóttir